



# Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Haldinn í fjarfundarbúnaði

16. janúar 2026

## 1. Setning fundar

Ása Valdís Árnadóttir, formaður SOS, setti fundinn kl. 11:00.

## 2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásu Valdísi Árnadóttur sem fundarstjóra og Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur sem fundarritara.

Var það samþykkt samhljóða.

## 3. Kosning kjörbréfanefndar

Fundarstjóri leggur fram svohljóðandi tillögu að kjörbréfanefnd:

### Kjörbréfanefnd

Fjóla S. Kristinsdóttir  
Bragi Bjarnason  
Jón G. Valgeirsson

### Sveitarfélag

Sveitarfélagið Árborg  
Sveitarfélagið Árborg  
Rangárþing ytra

Lagt er til að formaður kjörbréfanefndar verði Bragi Bjarnason.

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

## 4. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Bragi Bjarnason, formaður kjörbréfanefndar, kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir kjörbréfum. Alls eru 9 kjörnir fulltrúar mættir til fundar, 6 aðalmenn og 3 varamenn. Gild kjörbréf eru fyrir 9 fulltrúa.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

## 5. Mál til kynningar og afgreiðslu

Fundarstjóri leggur til dagskrárbreytingartillögu sem felur í sér breytingu á uppröðun a-c liða 5. dagskrárliðar og að d. liður verði felldur brott. Jafnframt að umræður og atkvæðagreiðslur um allar tillögur undir fundarlið 5 fari fram að lokinni heildarumfjöllun um tillögurnar. Tillagan er samþykkt samhljóða.

### a. Tillögur að breytingum á samþykktum

Torfi Ragnar Sigurðsson hrl. frá Lögmönnum Suðurlandi fer yfir fyrirbyggjandi tillögur að breytingum á samþykktum SOS.

Tillögurnar hafa verið unnar út frá ákvörðun aðalfundar SOS þann 24. október 2025 þar sem samþykktar voru tillögur stjórnar um breytta umgjörð og rekstur SOS. Var þar nánar tiltekið samþykkt að hefja vinnu við undirbúning á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS verði falið Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) á grundvelli samnings þess efnis. Einnig var þar samþykkt m.a. að

undirbúnar yrðu breytingar á samþykktum SOS eftir því sem þörf krefðist vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri og starfsemi SOS og að stjórnarmönnum yrði fækkað úr 5 í 3. Einnig var samþykkt að unnið yrði að breytingum á samþykktum sem heimili SOS að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að leggja ákvarðanir um endurgreiðslu fjárframlaga til aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund til samþykktar.

#### **b. Samningur við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**

Torfi Ragnar Sigurðsson hrl. frá Lögmönnum Suðurlandi fer yfir fyrirbyggjandi drög að nýjum samningi SOS við SASS sem lagður er fram til samþykkis.

Samningsdrögin hafa verið unnin út frá samþykktum tillögum stjórnar á aðalfundi SOS þann 24. október 2025 varðandi breytingu á umgjörð og rekstri SOS með aðkomu SASS, en með ákvörðun aðalfundarins var gert ráð fyrir að daglegur rekstur og faglegt starf SOS yrði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis.

Samningsdrögin hafa verið unnin með aðkomu formanna og varaformanna stjórnar SASS og SOS í samvinnu við framkvæmdastjóra SASS ásamt því að fengin hefur verið aðkeypt lögfræðiþjónusta vegna verkefnisins á kostnað SOS.

Samningsdrögin voru lögð fyrir 631. fund stjórnar SASS þann 5. desember 2025 og þar samþykkt aðkoma SASS að verkefninu með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga SASS. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SASS hafa í framhaldinu tekið málið fyrir til staðfestingar á sínum vegum.

#### **c. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2026**

Torfi Ragnar Sigurðsson hrl. frá Lögmönnum Suðurlandi fer yfir tillögu stjórnar að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2026 og fyrirbyggjandi kostnaðargreiningu vegna framangreindra breytinga á starfsemi SOS.

Stjórn SOS leggur til að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2026 að fjárhæð 14.500.000 kr. vegna ráðningar starfsmanns í 100% stöðugildi hjá SASS á kostnað SOS. Samhliða verði liðurinn *stjórnar- og nefndarlaun* í fjárhagsáætlun ársins 2026 lækkaður um 1.000.000 kr.

#### **Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur 5. dagskrárliðar**

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur a.-c. liðar 5. dagskrárliðar fundarins í heild sinni. Eftirtaldir taka til máls: Grétar Ingi Erlendsson, Haraldur Þór Jónsson, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir.

Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum SOS skv. a. lið 5. dagskrárliðar fundarins er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og samþykktunum vísað til staðfestingar sveitarstjórnar aðildarsveitarfélaga SOS sem taka þurfa breyttar samþykktir fyrir í tveimur umræðum áður en þær eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrirbyggjandi drög að nýjum samningi SOS við SASS skv. b. lið 5. dagskrárliðar fundarins eru borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar um viðauka við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026 skv. c. lið 5. dagskrárliðar fundarins er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og viðaukanum vísað til staðfestingar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga SOS.

## 6. Kosning í stjórn

Fundarstjóri tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu að nýrri stjórn SOS sem lagt er til að taki til starfa strax að loknum fundi þessum og hafi umboð aðalfundar til stjórnarsetu fram til þess tímamarks að breyttar samþykktir samkvæmt a. lið 5. dagskrárliðar fundarins hafa tekið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að undangenginni staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga SOS:

|                               |  |
|-------------------------------|--|
| <b>Aðalmenn:</b>              | <b>Sveitarfélag:</b>                           |
| - Anton Kári Halldórsson      | - Rangárþ. eystra, Sorpst. Rangárvallasýs. bs. |
| - Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir | - Sveitarfélagið Ölfus                         |
| - Brynhildur Jónsdóttir       | - Sveitarfélagið Árborg                        |
| - Bragi Bjarnason             | - Sveitarfélagið Árborg                        |
| - Ása Valdís Árnadóttir       | - Grímsnes- og Grafningshreppur                |
| <b>Varamenn:</b>              | <b>Sveitarfélag:</b>                           |
| - Árni Eiríksson              | - Flóahreppi                                   |
| - Sandra Sigurðardóttir       | - Hveragerðisbær                               |
| - Arnar Freyr Ólafsson        | - Sveitarfélagið Árborg                        |
| - Sveinn Ægir Birgisson       | - Sveitarfélagið Árborg                        |
| - Haraldur Þór Jónsson        | - Skeiða- og Gnúpverjahreppur                  |

Lagt er til að Brynhildur Jónsdóttir verði formaður og Anton Kári Halldórsson verði varaformaður.

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir fer nánar yfir fyrirkomulag varðandi starfstíma og skipun skv. fyrirliggjandi tillögu.

Fundarstjóri gefur orðið laust um þessar tillögur. Enginn kveður sér hljóðs.

Tillaga að stjórn og starfstíma hennar er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Tillaga að formanni og varaformanni er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók aftur til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu að nýrri stjórn SOS sem lagt er til að taki til starfa þegar breyttar samþykktir samkvæmt a. lið 5. dagskrárliðar fundarins hafa tekið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að undangenginni staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga SOS:

|                               |  |
|-------------------------------|--|
| <b>Aðalmenn:</b>              | <b>Sveitarfélag:</b>                           |
| - Anton Kári Halldórsson      | - Rangárþ. eystra, Sorpst. Rangárvallasýs. bs. |
| - Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir | - Sveitarfélagið Ölfus                         |
| - Brynhildur Jónsdóttir       | - Sveitarfélagið Árborg                        |

- | <b>Varamenn:</b>        | <b>Sveitarfélag:</b>    |
|-------------------------|-------------------------|
| - Árni Eiríksson        | - Flóahreppi            |
| - Sandra Sigurðardóttir | - Hveragerðisbær        |
| - Arnar Freyr Ólafsson  | - Sveitarfélagið Árborg |

Lagt er til að Brynhildur Jónsdóttir verði formaður og Anton Kári Halldórsson verði varaformaður.

Fundarstjóri gefur orðið laust um þessar tillögur. Enginn kveður sér hljóðs.

Tillaga að stjórn og upphafi starfstíma hennar er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga að formanni og varaformanni er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundurinn felur fundarritara að ganga frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fundarstjóri þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og sitt framlag til starfsemi SOS og gefur orðið laust áður en hún felur Brynhildi Jónsdóttur, nýkjörnum stjórnarformanni, orðið til að slíta fundi . Eftirtaldir tóku til máls:

Aldís Hafsteinsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Anton Kári Halldórsson.

Fleira ekki gert.

Brynhildur Jónsdóttir slítur fundi kl. 11:35.

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.